

Reykjavík 14. mars 2024

MSS24030081

**Viðtakandi:** Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið

**Sendandi:** Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa Reykjavíkurborgar

### **Fyrirspurn vegna túlkunar á 38. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og 7. gr. laga um málefni aldraðra**

Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa sinnir eftirfylgni með lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar sem miðar að því að efla lýðræðislega þátttöku borgarbúa og formgera enn frekar möguleika íbúa til þess að hafa áhrif á málefni sem þá varða. Reykjavíkurborg leggur metnað í að sinna lögbundnu samráði með sem allra bestum hætti og hefur fundið því farveg á hverju málasviði eins og við á hverju sinni.

Öldungaráð er vettvangur samráðs við borgarbúa sem eru 67 ára og eldri og fer með verkefni samkvæmt lögum nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga og lögum nr. 125/1999 um málefni aldraðra. Í 38. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og 7. gr. laga um málefni aldraðra er gert ráð fyrir að í öldungaráði sitji þrjú fulltrúar tilnefndir af félagi eldri borgara. Löggin gera ekki frekari grein fyrir því hvort að félög eldri borgara þurfi að uppfylla ákveðin skilyrði (t.d. varðandi hlutverk, aðild að félaginu eða stjórnskipan) til að geta tilnefnt fulltrúa í ráðið eða hvernig bregðast skuli við ef að fleiri en eitt félag eldri borgara er starfandi í sveitarfélaginu og sýnir áhuga á að tilnefna fulltrúa í öldungaráðið.

Í Reykjavík er starfandi félag eldri borgara í Reykjavík og nágrenni, en auk þess tvö önnur félög sem gæta hagsmuna aldraðra á einn eða annan hátt: Byggingarsamvinnufélagið Samtök aldraðra og Korpúlfar félag eldri borgara í Grafarvogi. Félag eldri borgara í Reykjavík og nágrenni hefur tilnefnt þrjú fulltrúa til setu í öldungaráði Reykjavíkurborgar til samræmis við 7. gr. laga um málefni aldraðra og 38. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Ber að skilja umrædd lagaákvæði þannig að það sé lagaskylda að gera ráð fyrir þremur fulltrúum frá þessu tiltekna félagi eða er Reykjavíkurborg heimilt að gefa fleiri samtökum eldri borgara færi á að taka eitt eða fleiri sæti af þessum þremur?

Það væri gagnlegt að fá upplýsingar frá ráðuneytinu varðandi túlkun þessara ákvæða.

Virðingarfyllt,

Guðrún Elsa Tryggvadóttir

lögfræðingur

mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa Reykjavíkur